

## Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja sem heyra undir ráðuneytið voru flutt út á land árið 2002, sundurliðað eftir stöðum sem verkefni og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.*

Engin störf eða verkefni ráðuneytisins voru flutt út á land á árinu 2002. Þess má hins vegar geta að starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heldur námskeið fyrir fiskvinnslufólk út um allt land og koma flestir leiðbeinendur á námskeiðunum frá landsbyggðinni.

Flutningur stofnana ráðuneytisins og/eða fjarverkefni voru eftirtalin:

**Hafrannsóknastofnunin:** Engin störf eða fjarvinnsluverkefni á vegum stofnunarinnar voru flutt út á land á árinu 2002.

**Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins:** Engin störf eða fjarvinnsluverkefni á vegum stofnunarinnar voru flutt út á land á árinu 2002. Hins vegar er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins með rannsóknadeild á Akureyri og flytjast verkefni þannig til Akureyrar þótt ekki sé um eiginleg fjarvinnsluverkefni að ræða. Á árinu 2003 var starf gæðastjóra flutt til Ísafjarðar.

**Fiskistofa:** Á árinu 2002 fluttist einn starfsmaður tölvudeildar Fiskistofu í Neskaupstað og sinnir hann forritunarverkefnum fyrir stofuna. Nú standa yfir ráðningar í tvær stöður veiðieftirlitsmanna á Ísafirði og Akureyri en þau störf hafa hingað til verið unnin frá Reykjavík.

**Verðlagsstofa skiptaverðs:** Stofnunin er á Akureyri og þar eru þrír starfsmenn í fullu starfi.